

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga**

Fundur haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga, þriðjudaginn 16. maí 2023.

Mætt voru:

Fyrir hönd félagsins: Stefán Þór Björnsson, Birgir Guðjónsson og Oddgeir Ágúst Ottesen.

Fyrir hönd sambandsins: Bjarni Ómar Haraldsson og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Önnur laun

Samkvæmt fyrirbyggjandi launaupplýsingum frá sveitarfélögum og stofnunum þeirra fær ekkert félagsfólk Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga önnur laun samkvæmt grein 1.1.4 í kjarasamningi við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin er sammála um að ef einhver félagsmaður er með önnur laun samkvæmt grein 1.1.4 í kjarasamningi aðila þann 1. apríl 2023, þrátt fyrir launaupplýsingar, fái félagsmaðurinn 5% hækkun á öðrum launum frá 1. apríl 2023.

Fleira ekki gert.